



# **Mat á gæðum skólastarfs**

**- Samantekt fyrir skólaárið 2018-2019**

# Mat á gæðum skólastarfs

- Samantekt fyrir skólaárið 2018-2019

## Inngangur

Í meðfylgjandi skýrslu er að finna samantekt á þeim upplýsingum sem safnað var á skólaárinu 2018-2019 meðal nemenda og kennara við Lýðháskólann á Flateyri auk þess sem í byrjun skýrslunnar er að finna stutta samantekt skólastjórnenda á starfi ársins, á því hvað gekk vel og hvað krefst úrbóta sem ráðast þarf í fyrir næsta skólaár.

Markmið með skýrslunni er að draga saman upplýsingar sem til eru um gæði skólastarfs í því skyni að læra af þessu fyrsta og tilraunakennda ári í lífi skólans.

Um er að ræða upplýsingar sem safnað er á þrjú ólíka vegu; Kennslukönnun meðal nemenda, Sjálfsmat kennara við lok hvers námskeiðs og að lokum Könnun meðal Lýðflatinga 2018-2019.

Kennslukönnun er þannig framkvæmd að kennslustjóri leggur spurningalista fyrir nemendur í lok hvers námskeiðs og er könnunin nafnlaus. Spurningalistinn inniheldur átta lokaðar spurningar þar sem svör eru sett upp á skalanum 1-5 (þar sem 1 þýðir „mjög lélegt“ og 5 þýðir „mjög gott“) og tvær opnar spurningar þar sem spurt er um annars vegar hvað nemendum finnst best við viðkomandi námskeið og hins vegar hvað þeim finnst að betur megi fara (sjá spurningalista í viðauka 1). Þegar kennslustjóri hafði unnið úr kennslukönnun fyrir hvert námskeið voru niðurstöður sendar á kennara auk þess sem skólastjóri og kennslustjóri notuðu upplýsingarnar til að gera nauðsynlegar úrbætur þegar þess þótti þörf.

Sjálfsmat kennara á eigin kennslu og ýmsu því sem snýr að aðbúnaði til kennslu fór þannig fram að kennslustjóri átti fund með öllum kennurum í lok hvers námskeiðs þar sem farið var yfir staðlaðar spurninga í spurningalista auk þess að eiga almennt spjall um námskeiðið við kennara. Spurningalistinn inniheldur fimm lokaðar spurningar þar sem svör eru sett upp á skalanum 1-5 og þrjár opnar spurningar (sjá spurningalista í viðauka 2).

Könnun meðal Lýðflatinga 2018-2019 var send rafrænt á tölvupósti til allra nemenda sem luku námi, annað hvort heilu ári eða eingöngu á einni önn, á árinu 2018-2018. Alls fengu 25 nemendur könnunina senda og 18 svöruðu henni fyrir 15. júní, þegar svarfresti lauk (sjá spurningalista í viðauka 3).

## Skýrsla skólastjórnenda

Lýðháskólinn á Flateyri tók til starfa í september 2018 og er því fyrsta skólaári við skólann lokið. Á haustönn 2018 hófu alls 29 nemendur nám við skólann, 14 nemendur á brautinni Hugmyndir, heimurinn og þú og 15 nemendur á brautinni Hafið fjöllin og þú. Fljótlega hætti einn nemandi námi vegna veikinda og við lok haustannar höfðu tveir nemendur skipt um braut og breyttist því fjöldi á hvorri braut á önninni. Fjórir nemendur, sem höfðu aðeins sótt um skólavist fyrir haustönn 2018,

héldu ekki áfram námi eftir áramót en fjórir nýir nemendur bættust við á vorönn 2019, allir á brautinni Hafið, fjöllin og þú. Alls hófu því 28 nemendur nám á vorönn 2019 við Lýðháskólann á Flateyri, 18 á brautinni Hafið, fjöllin og þú og 10 á brautinni Hugmyndir, heimurinn og þú.

Fljótlega eftir áramóti hætti einn af nemendum frá fyrri önn vegna veikinda auk þess sem einn nemandi hætti í skólanum í febrúar. Að auki ber að nefna að fjórir af nemendum á brautinni Hafið, fjöllin og þú voru meira og minna fjarverandi eða mættu illa báðar annir þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir skólastjórnenda og foreldra nemendanna til að hvetja þau til að mæta. Þessir nemendur töldust ekki útskrifuð frá skólanum. Alls luku því 19 nemendur námi í heilt ár við skólann auk þess sem 8 nemendur luku námi á einni önn. Þess má geta að einn af þeim nemendum sem komu inn um áramót ákvað að sækja um skólavist fyrir haustönn 2019 og verður því áfram nemandi við skólann á hans öðru starfsári.

Við skólann voru tveir fastir starfsmenn á skólaárinu, skólastjóri og kennslustjóri. Kennarar voru allir lausráðnir verktakar en námskeið eru kennd í einnar til tveggja vikna lotum með nýjum kennara í hverri lotu. Að auki kom fjöldinn allur af nemendum og Flateyringum að vinnu við skólann með ýmsum hætti, flestir í einhvers konar sjálfboðavinnu en greitt var fyrir viðvik á borð við þrif á skólahúsnæði og ýmislegt viðhald.

Alls voru kennd 31 námskeið í skólanum á skólaárinu 2018-2019, 15 námskeið á brautinni Hafið, fjöllin og þú og 16 á brautinni Hugmyndir, heimurinn og þú. Kennarar á þessum námskeiðum voru alls 31. Hægt er að lesa sér til um markmið skólans, skipulag og innihald námskeiða, kennara, áherslur í skólastarfi og annað sem skiptir máli inni á heimasíðu skólans: <https://lydflat.is/>.

Hér fyrir neðan er annars vegar að finna samantekt skólastjórnenda á þeim þáttum í skólastarfi sem gengu vel og mikilvægt er að styrkja og styðja við áfram með óbreyttu sniði og hins vegar samantekt á þeim þáttum sem gengu ekki eins vel og þarfnast úrbóta fyrir næsta skólaár.

### **Þættir í skólastarfi sem gengu vel**

Þegar á heildina er litið telja skólastjórnendur að fyrsta skólaár Lýðháskólans á Flateyri hafi gengið framár öllum vonum. Ljóst var frá upphafi að skólastarfið yrði að ákveðnu leyti tilraunakennt enda hefur nám af þessu tagi ekki verið kennt á Íslandi áður og mörg eða flest þeirra námskeiða sem á námsskrá voru hafa ekki verið kennd áður með þeim hætti sem gert var. Einnig var lögð áhersla á það við val á kennurum að viðkomandi væru sérfræðingar og leiðtogar á sínu sviði fremur en lögð væri áhersla á hefðbundna kennslureynslu.

Þess ber að geta að strax frá upphafi settu nemendur sig í þær stellingar að þau væru brautryðjendur sem fyrstu nemendur Lýðháskólans á Flateyri. Nemendur sýndu einstakan áhuga og vilja til að taka þátt í að móta skólastarf og vinna með skólastjórnendum og kennurum að því að veita öfluga endurgjöf um gæði og innihald námskeiða og um skipulag skólastarfs.

Námskeið, sem mörg hver voru kennd í fyrsta skipti án nokkurrar fyrirmyndar og sum hver kennd af alls óreyndum kennurum, gengu í öllum aðal atriðum vel, eins og niðurstöður kennslukönnunar bera með sér. Þegar kom að endurskoðun námsskrár fyrir næsta skólaár 2019-2020 var tekin sú ákvörðun að breyta eins litlu og mögulegt er í því skyni að nýta þá reynslu sem fékkst með þessu fyrsta ári.

- Vel tókst til með að undirbúa kennara undir þá óhefðbundnu nálgun sem ætlast var til að notuð væri í kennslu. Kennarar áttuðu sig flestir á sínu hlutverki og voru meðvitaðir um mikilvægi þess að laga kennsluaðferðir og innihald námskeiða að þörfum nemenda.
- Kennarar voru ánægðir með móttökur, aðbúnað og dvölinu á Flateyri og mikill meiri hluti kennara ákváðu kenna á næsta skólaári.
- Nemendur voru strax í upphafi tilbúnir til að laga sig að tilraunkenndum aðstæðum og voru óhræddir við að veita virka endurgjöf um kennslu og aðra þætti í skólastarfi.
- Samsetning nemenda með ólíkan bakgrunn, reynslu og væntingar, sem hefði getað falið í sér ýmsar áskoranir í samskiptum og skólastarfi, skapaði þvert í móti strax í upphafi grunn að gagnkvæmum skilningi á ólíkum þörfum hvers og eins og grundvöll til frelsis þeirra einstaklinga sem hópurinn var samsettur af til að vera eins og þau voru.
- Skólastjórnendur áttu ánægjuleg og þægileg samskipti við kennara og velflesta nemendur innan sem utan skóla og óhætt er að segja að tekist hafi að skapa öruggt og þægilegt andrúmsloft þar sem tækifæri til skoðanaskipta og jákvæðra samskipta var tryggt.
- Nemendur og kennarar lögðu sig fram við jákvæð og góð samskipti og uppbyggilega og sjálfstæða lausn lítilla og stórra ágreiningsmála.
- Sambúð nemenda á heimavist gekk vel og leystu nemendur í flestum tilfellum farsællega úr sínum ágreiningsmálum án mikillar aðstoðar skólastjórnenda.
- Nemendur tóku virkan þátt og ábyrgð á skyldum sínum í tengslum við framreiðslu og frágang á morgun- og hádegismat.
- Félagslíf utan skóla var með miklum ágætum og að megninu til drifið af nemendum sjálfum með einstaka aðkomu kennara og skólastjórnenda.
- Nemendur, í samstarfi við skólastjórnendur og kennara, stóðu fyrir fjölda viðburða í formi sýninga, skemmtikvölda og samveru af ýmsu tagi auk þess sem afurðir á borð við heimildamynd, skólablað, uppskriftabók og aðra skemmtilega hluti urðu til á skólaárinu.
- Sambúðin við Flateyringa og sér í lagi þátttaka þeirra í starfi skólans, innan sem utan skólatíma, var til fyrirmyndar og það sannaðist enn frekar í þessu sem og öðru að Flateyri er fullkominn staður fyrir Lýðháskóla.
- Nemendur voru afar ánægðir með dvöl sína á Flateyri og bera þorpinu og íbúum þess afar góða sögu og það er jákvæður vitnisburður að nokkur fjöldi nemenda hefur ákveðið að vera áfram á svæðinu, bæði á Flateyri og á Ísafirði um ókomna tíð.

### **Þættir í skólastarfi sem þarfnast úrbóta**

Þegar á heildina er litið voru fáir en nokkuð yfirgnæfandi þættir sem gengu ekki nægilega vel eða ekki var nægilega vel hugað að í skipulagi skólastarfsins á þessu fyrsta starfsári Lýðháskólans á Flateyri.

Við undirbúning skólastarfs fyrir árið gafst ekki tóm til að koma upp einhvers konar kerfi sem allir sem komu að starfi skólans höfðu aðgang að. Það vantaði því tilfinnanlega vettvang til tilkynninga og samskipta á milli skólastjórnenda, kennara og nemenda og hamlaði þetta nokkuð skipulagi í skólastarfi og gerði miðlun upplýsinga erfiða. Af þessum og öðrum sökum reyndist einnig erfitt að halda reglulegum fundum með öllum nemendum gangandi yfir veturinn sem hafði sömu afleiðingar auk þess sem nokkuð rof varð í möguleikum nemenda og skólastjórnenda til að leysa úr þeim málum sem upp komu í starfinu, utan sem innan skólatíma.

Þegar skammt var liðið á fyrstu önn í kennslu var ljóst að það frjálrsæði sem gefið var í mætingu og þátttöku nemenda var of mikið. Þrátt fyrir að meirihluti nemenda mætti vel og tæki virkan þátt í öllum námskeiðum var of stór hluti þeirra sem gerði það ekki. Það krafðist ítrekaðrar íhlutunar af hálfu

skólastjórnenda með neikvæðum afleiðingum fyrir stemningu í nemendahópnum og erfiðleika í samskiptum á milli skólastjórnenda og nemenda. Þetta skapaði auk þess hinar ýmsu áskoranir í skólastarfi og hafði ekki síst áhrif á áhuga og metnað kennara til að gera vel, hafði neikvæð áhrif á áhuga og vilja annarra nemenda til að taka virkan þátt í námskeiðum og skapaði spennu og neikvæðni í tengslum við nokkur námskeið og samskipti á milli kennara og nemenda.

Að öðru leyti má segja að helst hafi vantað á sameiginlega tíma með nemendum á báðum brautum sem skapaði tvo nokkuð ólíka hópa nemenda sem höfðu minni samskipti sín á milli en æskilegt getur talist.

- Mætingu og þátttöku nokkurra nemenda var ábótavant sem hafði truflandi og neikvæð áhrif á daglegt skólastarf og litaði og hafði um of neikvæð áhrif á samskipti skólastjórnenda við nemendur.
- Upp komu nokkur mál í framferði nemenda og samskiptum þeirra í milli sem taka þurfti á með virkjum hætti. Þau mál leystust þó farsælega í öllum aðalatriðum og á endanum án mikillar aðkomu skólastjórnenda.
- Eitt mál barst til Skólaráðs (sem samsett var af skólastjórnendum, tveimur fulltrúum nemenda og einum fulltrúa kennara) og var ráðið kallað saman til úrvinnslu og úrskurðar sem gekk vel fyrir sig og án vandkvæða. Ekkert mál kom upp í tengslum við kynbundið ofbeldi eða áreitni og ekki reyndi á öryggisáætlanir skólans að neinu leyti.
- Skipulagi á einstaka námskeiðum var nokkuð ábótavant og voru nemendur í of „lausu lofti“ þegar kom að verkefnum og viðfangsefnum hvers dags.
- Kennurum á einstaka námskeiðum tókst ekki að virkja nemendur og hvetja til þátttöku á ásættanlegan hátt og einnig vantaði nokkuð upp á að einhverjir kennarar væru til staðar fyrir nemendur utan hefðbundins skólatíma og tækju þátt í starfi utan skóla. Þetta hafði nokkuð afgerandi áhrif á niðurstöður kennslukönnunar fyrir þessi námskeið eins og sjá má aftar í þessari skýrslu. Í einhverjum tilfellum var ákveðið að kennarar héldu ekki áfram kennslu en í öðrum hefur verið tekin sú ákvörðun að halda kennurum og styrkja þá og styðja betur áður en að kennslu kemur.
- Bæta þarf í búnað og aðstöðu á báðum brautum en það krafðist mikils tíma og orku af hálfu skólastjórnenda og kennara að útvega ýmsan þann búnað sem þurfti til kennslu á nokkrum námskeiðum. Helst ber að telja útivistarbúnað, aðstöðu á námskeiðinu „Matarkistan“, vöntun á aðstöðu nemenda og kennara til að prenta, vöntun á vinnustofu / rými fyrir ýmsa listsköpun á Hugmyndabraut.
- Geta og vilji nemenda á brautinni Hafið, fjöllin og þú var mjög mismunandi og það hefði þurft að getuskipta hópnum mun fyrr í náminu og fá inn aðstoðarkennara fyrir þá sem höfðu minni getu en aðrir. Þetta kom nokkuð niður á áhuga og vilja nokkurra nemenda til að stunda námið og hefði mögulega bætt mætingu þeirra ef gripið hefði verið nægilega fljótt inn í.
- Huga hefði þurft að því frá upphafi að skipuleggja meira „aksjón“ hjá nemendum á brautinni „Hafið, fjöllin og þú“, bæði með því að leggja áherslu á það við kennara að meiri hluti námskeiðs færi fram utan kennslustofu og eins með því hvetja og skipuleggja í samráði við nemendur og aðra utanaðkomandi til reglulegrar útivistar eftir skólatíma.
- Sameiginlegan tíma með öllum nemendum vantaði inn í daglegt skólastarf og fljótlega urðu til tveir aðskildir hópar nemenda sem náðu ekki nægilega vel saman. Að einhverju leyti má þó skýra þetta með þeirri staðreynd að þeir nemendur sem voru á hvorri braut fyrir sig voru um margt afar ólíkir og hefðu undir öðrum kringumstæðum ekki endilega náð saman.


- Upplýsingamiðlun frá skólastjórnendum og á milli nemenda var ábótavant og má að miklu leyti um kenna þeirri staðreynd að ekki var tekið í notkun eitt „samskiptakerfi“ sem allir nemendur, kennarar og skólastjórnendur höfðu aðgang að.
- Inn í daglegt skólastarf vantaði fasta punkta þar sem allir nemendur og kennarar koma saman og mætti hugsa sér að einhvers konar morgunfundum, þar sem skyldumætingar er krafist sé það sem upp á vantaði.
- Upphaflega var hugmyndin að halda með nemendum reglulega fundi þar sem skólastjórnendur gætu komið áleiðis upplýsingum og nemendum gæfist kostur á að ræða ýmis mál. Ekki tókst að halda þessum fundum til streitu allt skólaárið og það var miður. Ánægju nemenda með upplýsingamiðlun frá skólastjórnendum er enda ábótavant eins og sjá má í niðurstöðum Könnunar meðal Lýðflatinga aftar í þessari skýrslu.
- Setja má meiri ábyrgð á nemendur í sambandi við skyldur sem þau eiga að sinna, s.s. þrif á skólahúsnæði, þrif á eigin húsnæði. Þetta heldur þeim virkum og getur hjálpað þeim sem eru ekki að stunda námið nógu vel við að haldast í rútinu og þurfa að standa sig.
- Í skólastarf og samskiptum við nemendur vantaði fastan punkt eða öllu heldur samfellu sem orsakast aðallega af því að kennarar eru eingöngu á staðnum í 1-2 vikur í senn og skólastjórnendur eru ekki þátttakendur í daglegu skólastarfi. Gerð var tilraun til að fá inn ráðgjafa í samskiptum sem kom inn með reglubundnum hætti og hélt fundi og vinnustofur með nemendum. Það tókst að mörgu leyti ágætlega en náði þó ekki að festa sig nægilega vel í sessi yfir skólaárið
- Umhirða og frágangi í skólahúsnæði var að miklu leyti ábótavant af hálfu nemenda og kennara og ljóst að þörf er á skýrari reglum um ábyrgð kennara og nemenda. Það lenti mikið á skólastjórnendum að taka til og ganga frá í kennsluhúsnæði.
- Geymslu og skipulagi á kennslugögnum og -efni, afurðum á námskeiðum og lokaverkefnum nemenda var ábótavant. Huga þarf að einhvers konar „platformi“ fyrir slíkt á næsta skólaári.
- Lítið sem ekkert var hugað að því að fá inn utanaðkomandi gesti (fyrirlesara, sögufróða aðila og áhugaverða einstaklinga) til að vekja áhuga og umræðu nemenda og skólastjórnenda á ýmsum þeim málum sem gætu verið áhugaverð hverju sinni.

Helena Jónsdóttir skólastjóri


# Niðurstöður úr kennslukönnun 2018-2019

(Spurningablað er í Viðauka 1)


**Mynd 1:** Hugmyndir heimurinn og þú – Haustönn 2018




**Mynd 2:** Hugmyndir heimurinn og þú – Vorönn 2019



**Mynd 3:** Hafið, fjöllin og þú – Haustönn 2019



**Mynd 4:** Hafið, fjöllin og þú – Vorönn 2019






# Niðurstöður úr sjálfsmati kennara 2018-2019

(Spurningablað er í Viðauka 2)


**Mynd 5:** Hafið, fjöllin og þú – Haustönn 2019



**Mynd 6:** Hafið, fjöllin og þú – Vorönn 2019



**Mynd 7:** Hugmyndir heimurinn og þú – Haustönn 2018




**Mynd 8:** Hugmyndir heimurinn og þú – Vorönn 2019




# Niðurstöður úr Könnun meðal Lýðflatinga 2018-2019

(Spurningablað er í Viðauka 2)

**Mynd 9:** Niðurstöður spurninga sem tengjast skólastarfi og kennslu – allir nemendur



**Mynd 10:** Niðurstöður spurninga sem tengjast aðstöðu, samskiptum og félagslífi – allir nemendur



# Viðauki 1 – Spurningalisti – kennslukönnun 2018-2019

Á vorönn 2019 bættust tvær spurningar við kennslukönnunina:

1. Hversu sammála/ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingu: Á þessu námskeiði vaknaði hjá mér áhugi á nýjum hlutum.
2. Hveru sammála/ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingu: Ég mun nýta mér í framtíðinni það sem ég lærði á þessu námskeiði.



## Mat á gæðum námskeiðs og kennslu

Vinsamlega fylltu út eftirfarandi spurningakönnun eftir bestu samvisku og ekki vera feimin(n) að segja þína skoðun. Með þínum svörum aðstoðar þú okkur við að bæta gæði námskeiða og kennslu. Þegar þú hefur lokið við að svara spurningum, brýtur þú blaðið saman og skilar því í umslag hjá leiðbeinanda. **Athugaðu að svör þín eru nafnlaus og því ekki rekjanleg til þín!**

Heiti námskeiðs: \_\_\_\_\_ Dagsetning: \_\_\_\_\_

Nafn kennara: \_\_\_\_\_

1. Þegar á heildina er lítið, hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með kennsluna á námskeiðinu?

\_\_\_ Mjög ánægð(ur) \_\_\_ Frekar ánægð(ur) \_\_\_ Hvorki né \_\_\_ Frekar óánægð(ur) \_\_\_ Mjög óánægð(ur)

2. Hversu vel eða illa fannst þér kennari námskeiðsins undirbúinn fyrir kennslustundir og námskeiðið í heild?

\_\_\_ Mjög vel \_\_\_ Frekar vel \_\_\_ Hvorki né \_\_\_ Frekar illa \_\_\_ Mjög illa

3. Hversu vel eða illa tókst kennaranum að vekja áhuga þinn á viðfangsefninu?

\_\_\_ Mjög vel \_\_\_ Frekar vel \_\_\_ Hvorki né \_\_\_ Frekar illa \_\_\_ Mjög illa

4. Hversu mikið eða lítið fannst þér námsefni, fyrirlestrar, æfingar og verkefni námskeiðsins hjálpa þér við að skilja viðfangsefni þess?

\_\_\_ Mjög mikið \_\_\_ Frekar mikið \_\_\_ Hvorki né \_\_\_ Frekar lítið \_\_\_ Mjög lítið

5. Hversu mikið eða lítið fannst þér kennari hvetja nemendur til sjálfstæðra vinnubragða og gagnrýnnar hugsunar?

\_\_\_ Mjög mikið \_\_\_ Frekar mikið \_\_\_ Hvorki né \_\_\_ Frekar lítið \_\_\_ Mjög lítið

6. Fannst þér kennari gera mikið eða lítið af því að veita þér og öðrum nemendum jákvæða og uppbyggilega endurgjöf á námskeiðinu?

\_\_\_ Mjög mikið \_\_\_ Frekar mikið \_\_\_ Hvorki né \_\_\_ Frekar lítið \_\_\_ Mjög lítið

7. Fannst þér kennari notað mikið eða lítið fjölbreyttar aðferðir við koma kennsluefni til skila (t.d. hópavinnu, umræður, leiki eða annað)?

\_\_\_ Mjög mikið \_\_\_ Frekar mikið \_\_\_ Hvorki né \_\_\_ Frekar lítið \_\_\_ Mjög lítið

8. Fannst þér kennarinn mikið eða lítið aðgengilegur fyrir utan hefðbundinn skólatíma?

\_\_ Mjög mikið \_\_ Frekar mikið \_\_ Hvorki né \_\_ Frekar lítið \_\_ Mjög lítið

9. **Hvað fannst þér jákvæðast eða best við þetta námskeið?**

---

---

---

10. **Hvað, ef eitthvað, hefði mátt vera betra við þetta námskeið?**

---

---

---

# Viðauki 2 – Spurningalisti – Sjálfsmat kennara 2018-2019

## Sjálfsmat kennara að námskeiði loknu



Lýðháskólinn á Flateyri

Heiti námskeiðs:

Dagsetningar:

Kennari/kennarar:

1. Hversu ánægð/ur ertu í heildina séð með námskeiðið þitt ?

\_\_\_ mjög ánægð/ur \_\_\_ frekar ánægð/ur \_\_\_ hvorki né \_\_\_ frekar óánægð/ur \_\_\_ mjög óánægð/ur

2. Hversu vel fannst þér takast að uppfylla þau kennslumarkmið sem þú lagðir upp með í upphafi námskeiðs?

\_\_\_ mjög vel \_\_\_ frekar vel \_\_\_ hvorki né \_\_\_ frekar illa \_\_\_ mjög illa

3. Hversu vel/illa fannst þér þú vera undirbúinn fyrir námskeiðið?

\_\_\_ mjög vel \_\_\_ frekar vel \_\_\_ hvorki né \_\_\_ frekar illa \_\_\_ mjög illa

4. Hversu móttækilegir fannst þér nemendur vera fyrir efni námskeiðsins?

\_\_\_ mjög móttækilegir \_\_\_ frekar móttækilegir \_\_\_ hvorki né \_\_\_ frekar lítið \_\_\_ mjög lítið

5. Hversu góð/slæm fannst þér upplýsingagjöf fyrir námskeiðið þitt vera? (tölvupóstsamskipti við kennslustjóra, kennsluhandbók etc.)

\_\_\_ mjög góð \_\_\_ frekar góð \_\_\_ hvorki né \_\_\_ slæm \_\_\_ mjög slæm

1. Hvernig fannst þér námskeiðið almennt ganga hjá þér?

2. Einhverjar ábendingar til skólastjórnanda varðandi skipulag námskeiðs eða aðbúnað?

3. Annað sem þú vilt koma á framfæri?

# Viðauki 3 – Spurningalisti – Könnun meðal Lýðflatinga 2018-2019

## Könnun meðal Lýðflatinga 2018-2019



Lýðháskólinn á Flateyri

Kæri Lýðflatingur!

Meðfylgjandi er spurningakönnun sem send er á alla nemendur Lýðháskólans á Flateyri á skólaárinu 2018-2019. Markmið könnunarinnar er að afla upplýsinga um viðhorf nemenda til skólastarfs Lýðháskólans á Flateyri og hvernig megi koma betur til móts við þarfir nemenda og bæta skólastarf til framtíðar.

Svör þín verða trúnaðarmál og nafn þitt kemur hvergi fram í svörum þínum við könnuninni. Í forritinu sem notað er við framkvæmd könnunarinnar er unnið er úr svörum þínum með því að telja alla saman sem svara og þannig fundnar út heildartölur og meðaltöl. Það er því ekki hægt að sjá hver svaraði hverju. Nafnið þitt er ekki geymt eftir að þú hefur svarað könnuninni. Skólastjórnendur munu því eingöngu hafa aðgang að samanteknum svörum allra svarenda og þess gætt afar vandlega að ekki verði hægt að rekja svör til einstakra nemenda.

Þátttaka þín er afar mikilvæg og það er okkur mikils virði að þú skulir vilja svara þessum spurningum. Þér er ekki skylt að svara spurningalistanum í heild né einstökum spurningum, en við vonum þó að þú svarir öllum spurningum.

Vinsamlega lestu hverja spurningu vandlega og svaraðu eins vel og þú getur. Þú svarar spurningum með því að smella í þann reit sem á við það svar sem þú vilt nota við hverja spurningu. Við nokkrar spurningar er beðið um að þú skrifir svör þín.

Það eru ekki til nein „rétt“ eða „röng“ svör við spurningunum. Svörin þín eiga að vera þau svör sem eru „rétt“ fyrir þig.

Með fyrirfram þökk fyrir þátttökuna

Helena og Anna Sigga

### Spurningar sem tengjast náminu og skólastarfi

1. Þegar á heildina er litið, hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með veru þína í Lýðháskólanum á Flateyri veturinn 2018-2019.
  - a. Mjög ánægð(ur)
  - b. Frekar ánægð(ur)
  - c. Hvorki né
  - d. Frekar óánægð(ur)
  - e. Mjög óánægð(ur)

2. Hversu líklegt eða ólíklegt er að þú myndir mæla með Lýðháskólanum á Flateyri við vini og kunningja?
- Mjög líklegt
  - Frekar líklegt
  - Hvorki né
  - Frekar ólíklegt
  - Mjög ólíklegt
3. Þegar á heildina er litið, hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu þú með kennsluna á þinni braut?
- Mjög ánægð(ur)
  - Frekar ánægð(ur)
  - Hvorki né
  - Frekar óánægð(ur)
  - Mjög óánægð(ur)
4. Þegar á heildina er litið, hversu vel eða illa finnst þér hafa tekist til með að vekja áhuga þinn á ýmsu því sem kennt var á þinni braut?
- Mjög vel
  - Frekar vel
  - Hvorki né
  - Frekar illa
  - Mjög illa
5. Þegar á heildina er litið, hversu mikið eða lítið finnst þér þú hafa lært í þeim námskeiðum sem kennd voru á þinni braut?
- Mjög mikið
  - Frekar mikið
  - Hvorki né
  - Frekar lítið
  - Mjög lítið
6. Hvaða námskeið á þinni braut stendur upp úr að þínu mati og út af hverju?
- Opin spurning
7. Þegar á heildina er litið hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) varst þú með kennarana í skólaárinu?
- Mjög ánægð(ur)
  - Frekar ánægð(ur)
  - Hvorki né
  - Frekar óánægð(ur)
  - Mjög óánægð(ur)

#### Spurningar um aðstöðu, skipulag og félagslíf

8. Hvernig fannst þér aðstaðan í skólahúsnæði til að stunda námið þitt?
- Mjög góð



- b. Frekar góð
- c. Hvorki né
- d. Frekar léleg
- e. Mjög léleg

**9. Hvernig fannst þér aðstaða til samveru og félagsstarfs nemenda ?**

- a. Mjög góð
- b. Frekar góð
- c. Hvorki né
- d. Frekar léleg
- e. Mjög léleg

**10. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) varst þú með samskipti skólastjórnenda við þig og aðra nemendur?**

- a. Mjög ánægð(ur)
- b. Frekar ánægð(ur)
- c. Hvorki né
- d. Frekar óánægð(ur)
- e. Mjög óánægð(ur)

**11. Hvernig fannst þér upplýsingaflæði frá stjórnendum vera um skólastarf, dagsskipulag og fleira?**

- a. Mjög gott
- b. Frekar gott
- c. Hvorki né
- d. Frekar slæmt
- e. Mjög slæmt

**12. Hvernig fannst þér félagslífið vera utan skólatíma?**

- a. Mjög gott
- b. Frekar gott
- c. Hvorki né
- d. Frekar slæmt
- e. Mjög slæmt

**13. Hvernig fannst þér aðstaðan á heimavist nemenda?**

- a. Mjög góð
- b. Frekar góð
- c. Hvorki né
- d. Frekar léleg
- e. Mjög léleg

**14. Hvernig fannst þér að búa á Flateyri?**

- a. Mjög gott
- b. Frekar gott
- c. Hvorki né
- d. Frekar slæmt
- e. Mjög slæmt

## Spurningar um veru þína við Lýðháskólann á Flateyri síðasta vetur

**15. Hver er helsta ástæða þess að þú ákvaðst að koma í Lýðháskólann á Flateyri?**

- a. Opin spurning

**16. Hversu vel eða illa stóðst vera þín í Lýðháskólanum á Flateyri síðasta vetur væntingar þínar ?**

- a. Mjög vel
- b. Frekar vel
- c. Hvorki né
- d. Frekar illa
- e. Mjög illa

**17. Hvað var það sem helst stóðst ekki væntingar þínar í skólanum síðasta vetur?**

- a. Opin spurning

**18. Hversu vel eða illa finnst þér þú hafa stundað námið? (mæting og athygli í tímum)**

- a. Mjög vel
- b. Frekar vel
- c. Hvorki né
- d. Frekar illa
- e. Mjög illa

**19. Hefur vera þín í skólanum haft mikil eða lítil áhrif á þín næstu skref og framtíðaráform?**

- a. Mjög mikið
- b. Frekar mikið
- c. Hvorki né
- d. Frekar lítið
- e. Mjög lítið

**20. Hvað finnst þér þú helst hafa fengið út úr veru þinni á Flateyri og náminu við Lýðháskólann síðasta vetur / Hvað er það mikilvægasta sem þú lærðir?**

- a. Opin spurning

**21. Að lokum: Er eitthvað sem þú vilt koma á framfæri í sambandi við skólann í heild, skipulag námsins eða annað?**

- a. Opin spurning

### Bakgrunnsspurningar

**22. Á hvaða braut varst þú ?**

- a. Hafið, fjöllin og þú
- b. Hugmyndir, heimurinn og þú

**23. Veldu rétt kyn :**

- a. Kvenkyns
- b. Karlkyns

24. Hvað ertu gömul/gamall?